

AUGLÝSING

194

14. nóv.

um breytingu á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Árnese-, Rangárvalla-, Borgarfjarðar-, Mýra-, Skagafjarðar, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur, nr. 12 23. janúar 1951.

V. kafli gjaldskrárinnar hljóði svo:

Bráðabirgðaákvæði.

Verð til hitunar samkvæmt D-liðum I. kafla gjaldskrárinnar breytist með útsöluverði á kolum og dieselolíu í Reykjavík, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 480 kr. verði á kolatonni og 800 kr. verði á oliutonna, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D-1 og ½ eyri hver kwst. á lið D-2 fyrir hverjar fullar 30 kr., sem kolatonnið hækkar eða lækkar eða hverjar 50 kr., sem oliutonnað hækkar eða lækkar, þó þannig að raforkuverðið miðist við það eldsneytisverðið, sem lægra er hlutfallslega, miðað við grunnverðið 480 kr. á kolatonni og 800 kr. á oliutonna.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. nóvember 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

195

15. nóv.

um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda þorskveiðar með línu, handfæri, netjum, botnvörpu eða dragnót, sbr. þó 10. gr.

2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

- I. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum og salta aflann um borð.
- II. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum og leggja aflann nýjan á land.
- III. flokkur: Skip undir 30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum.
- IV. flokkur: Opnir vélbátar, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum.
- V. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með botnvörpu, án tillits til stærðar.
- VI. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með dragnót, án tillits til stærðar.

3. gr.

Veiðisvæði og bótatímabil skulu vera sem hér segir:

- a. Fyrir skip í I. flokki. Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið. Bótatímabil skal vera frá 1. jan. til 31. maí.